

REGLUR FYRIR HÚSVERNDARARSJÓÐ REYKJAVÍKURBORGAR

1. gr.

Húsvendarsjóður er í eigu borgarsjóðs. Hlutverk sjóðsins er að veita styrki til endurgerða eða viðgerða á húsnæði eða öðrum mannvirkjum, s.s. girðingum í Reykjavík, sem sérstakt varðveislugildi hafa af listraenum eða menningarsögulegum ástæðum, enda séu framkvæmdir í samræmi við upprunalegan byggingarstíl mannvirkis og sjónarmið minjavörslu.

2. gr.

Ráðstöfunarfé sjóðsins skal ákveða í fjárhagsáætlun borgarsjóðs ár hvert og skal því varið í samræmi við tilgang sjóðsins. Skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur skal skipa vinnuhóp, með tveimur kjörnum fulltrúum úr skipulags- og byggingarnefnd, tveimur fulltrúum frá embætti skipulags- og byggingarsviðs og einum frá embætti borgarminjavarðar. Annar fulltrúi skipulags- og byggingarsviðs skal hafa með höndum eftirlit með framkvæmdum sem styrktar eru úr sjóðnum. Skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur gerir tillögur til borgarráðs um styrkveitingar að fenginni umsögn vinnuhópsins.

3. gr.

Skipulags- og byggingarnefnd skal auglýsa opinberlega eftir umsóknum um styrkveitingu úr sjóðnum eigi síðar en 15. janúar ár hvert. Í auglýsingunni skal taka fram hver séu almenn skilyrði styrkveitinga, umsóknarfrestur og hvað upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Styrkumsóknir, ásamt gögnum, skulu berast skipulags- og byggingarnefnd innan umsóknarfrests og skal umsóknarfrestur að jafnaði vera þrjár vikur.

Skipulags- og byggingarnefnd skal að jafnaði gera tillögur til borgarráðs um styrkveitingar eigi síðar en þremur vikum eftir að umsóknarfrestur rennur út.

4. gr.

Umsóknum um styrki úr sjóðnum skulu fylgja greinargóðar upplýsingar um fyrirhugaðar framkvæmdir á þar til gerðum umsóknareyðublöðum og nauðsynlegir uppdættir. Vinnuhópur skipulags- og byggingarnefndar getur óskað eftir frekari gögnum og upplýsingum eftir því sem þurfa þykir.

5. gr.

Styrkir úr sjóðnum skulu eingöngu veittir til þeirra framkvæmda eða framkvæmdaþátta sem skipulags- og byggingarnefnd, að fenginni umsögn vinnuhóps, metur styrkhæfa.

Sérstaka áherslu skal leggja á styrkveitingar til framkvæmda sem miða að því að færa ytra byrði húsa til upprunalegs horfs, s.s. gluggum og klæðningu ytra byrðis. Tryggt skal að endurgerð mikilvægra byggingarhluta, s.s. glugga og klæðninga, sé rétt og í samræmi við aldur og gerð húss.

Að jafnaði skal ekki veita styrki til framkvæmda sem teljast eðlilegt viðhald, s.s. endurnýjun og málun á ytra byrði húsa.

Skipulags- og byggingarnefnd getur sett sérstök skilyrði varðandi styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að lögð verði áhersla á tiltekin svæði eða götur í Reykjavík við úthlutun styrkja. Skal þá vakin sérstök athygli á því á viðkomandi svæði. Einnig getur nefndin sett skilyrði varðandi einstakar styrkveitingar úr sjóðnum, s.s. að styrkur skuli greiddur út í hlutum og að framkvæmdum sé lokið innan tiltekinnna tímamarka.

6. gr.

Styrkur úr sjóðnum skal ekki greiddur út fyrr en styrkþegi hefur skuldbundið sig til að hlíta settum skilyrðum og framkvæmdir, sem styrkur hefur verið veittur til, hafa sannanlega verið hafnar.

Komi í ljós að styrk úr sjóðnum hafi ekki verið varið í tilgreindar framkvæmdir innan tveggja ára frá greiðslu hans eða vikið hafi verið frá upplýsingum í umsókn, skal styrkþegi endurgreiða styrkinn þegar í stað.

Sé styrkur ekki sóttur áður en úthlutun næsta árs á eftir er samþykkt í borgarráði Reykjavíkur, fellur hann niður.

--

Reglur þessar voru samþykktar af skipulags- og byggingarnefnd Reykjavíkur þann 12. desember 2001 og borgarráði Reykjavíkur þann 18. desember 2001.